

## Fundargerð

Fimmtudaginn 17. september 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.





Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Oddur Jónsson, Eiríkur Benónýsson starfsmaður SRN og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð. Gerður Guðjónsdóttir og Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi boðuðu forföll.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 359 samþykkt.

### 2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.

 Name ▾
 359 fundargerð 4 9 2020.docx
 Yfirlit um mál í vinnslu sept 2020.xlsx
 Yfirlit yfir sveitarfélög m.v. veltufé frá rekstri.xlsx

### 3. Skýrsla starfshóps um fjárhagsstöðu sveitarfélaga – nánari greining á stöðu einstakra sveitarfélaga.

Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að taka saman lista yfir sveitarfélög sem gætu flokkast sem viðkvæm með tilliti til sjóðsstreymis og stöðu skuldar út frá skýrslu starfshóps um fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Lagt var fram yfirlit þar sem sveitarfélögum var listað upp eftir stöðu veltufé frá rekstri samkvæmt skýrslunni. Tekið var saman út frá þessum lista og með hliðsjón af skuldahlutfalli og sjóðsstreymis þau sveitarfélög sem gætu talist í fjárhagslegri viðkvæmri stöðu. Ákveðið var að senda þessum sveitarfélögum bréf og óska eftir upplýsingum um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins á árinu 2020 og hverjar væru horfurnar fyrir árið 2021.

### 4. Verkefnaskjal.

Farið var yfir verkefnaskjal nefndarinnar. Búið er að berast svör við bréfi nefndarinnar frá Árborg og verður farið nánar yfir þau á næsta fundi. Ítrekað verður eftir svörum frá þeim sveitarfélögum sem hafa ekki svarað bréfum. Ekki verður brugðist frekar við þeim svörum sem nefndinni hafa borist frá öðrum sveitarfélögum.

Fundi lauk kl. 11:50